

# Stofnanasamningur Sjúkraliðafélags Íslands

og

## Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

### 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands sem starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Samningur þessi byggir á 11. kafla kjarasamnings Sjúkraliðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

### 3. Starfaflokkar og röðun

**3.1** Forsendur starfaflokka (hópa) byggja m.a. á skipuriti, eðli starfa, ábyrgð og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Gerð starflýsinga og ábyrgð á niðurröðun verkefna er á höndum stofnunar.

Hópur	Gr. lfl. þr.	Skýring
Nemi	5 – 0	Sjúkraliðanemi í starfspjálfun skv. námskrá
I	7 – 3	Sjúkraliði 1, byrjandi fyrstu 6 mánuði í starfi
II	9 – 2	Sjúkraliði 2, reyndur sjúkraliði samkv. starflýsingu.
III	11 – 1	Sjúkraliði 3, sjúkraliði sem sinnir sérhæfðum verkefnum samkvæmt starflýsingu.

**3.2** Sjúkraliði sem sinnir heimahjúkrun fær tvo launaflokka til viðbótar grunnröðun.

#### 4. Mat á einstökum þáttum

4.1 Starfsaldur (reynsla) er metinn á láréttum ás.

- Sjúkraliði hækkar um 1 launaþrep eftir þriggja ára starf í heilsugæslu. Heimilt er að meta allt að þriggja ára starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.
- Sjúkraliði hækkar um 1 launaþrep eftir níu ára starf í heilsugæslu.

4.2 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi sjúkraliða skv. staðfestri námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem nýtist í starfi en þess er ekki krafist skv. starfslýsingu.

- Framhaldsnám sjúkraliða ein önn á sérsviði, 1 launaþrep.
- Sjúkraliði sem lokið hefur framhaldsnámi sjúkraliða í fleiri en einni grein (einnar annar nám á sérsviði) sem nýtist honum í starfi, hækki um 1 launaþrep til viðbótar.
- Framhaldsnám sjúkraliða eins árs sérnám, 2 launaþrep

4.3 Matsnefnd á vegum samstarfsnefndar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Sjúkraliðafélags Íslands, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögur um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist sjúkraliðum í starfi.

Símenntun er metin með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- 80 námskeiðsstundir, 1 launaþrep
- 130 námsskeiðsstundir, 1 launaþrep
- 240 námsskeiðsstundir, 1 launaþrep

4.4 Álag fyrir kvöld/næturvinnu er greitt með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- Sjúkraliði sem sinnir kvöldvinnu sem nemur 30-49% af fullu starfi hækkar um 1 launaþrep (með kvöldvinnu er átt við tímabilið frá kl. 17:00-24:00).
- Sjúkraliði sem sinnir kvöldvinnu sem nemur 50% af fullu starfi eða meira hækkar um 2 launaþrep (með kvöldvinnu er átt við tímabilið frá kl. 17:00-24:00).
- Sjúkraliði sem sinnir næturvinnu sem nemur 30-49% af fullu starfi hækkar um 1 launaþrep (með næturvinnu er átt við tímabilið frá kl. 00:00-08:00).
- Sjúkraliði sem sinnir næturvinnu sem nemur 50% af fullu starfi hækkar um 4 launaþrep (með næturvinnu er átt við tímabilið kl. 00:00-08:00).

4.5 Álag fyrir sérhæfða teymisvinnu er greitt með álagi á láréttum ás eins og hér segir:

- Geðteymi HH 1 launaþrep

#### 4.6 Lífaldursþrep

- Sjúkraliði hækkar um 2 launaþrep frá næstu mánaðamótum eftir 60 ára afmælisdag.

#### 5. Starfsmannasamtöl

Einu sinni á ári ber yfirmanni að boða hvern starfsmann í samtál til að ræða starf hans og starfssvið. Tilgangur samtalsins er:

- Samhæfa markmið starfsmanns og stofnunar.
- Tryggja skýrleika í starfseminni.
- Greina verk- og ábyrgðarsvið starfsmanna og stjórnenda.
- Vinna að framförum starfsmanna m.t.t hæfni í starfi.
- Skoða samstarf starfsmanns og stjórnenda.
- Bæta starfsskilyrði starfsmanna.
- Auka framleiðni, starfsánægju og styrkja starfsandann.


#### 6. Gildistími

Með þessum samningi kemur inn viðbótarþrep við 80 kennslustundir vegna símenntunar og pottur sem samið var um í kjarasamningi árið 2015 um uppfærslu stofnanasamninga árin 2016, 2017 og 2018 telst því fullnýttur.


Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2018.

Reykjavík, 23. október 2018

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins



F.h. Sjúkraliðafélags Íslands



Gunnar Örn Gunnarsson

### Bókun

með stofnanasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
dags. 23. október 2018.

#### Bókun 1.

1. Meiriháttar breytingar á starfslýsingum sjúkraliða skv. starf flokkum I – III skulu unnar í samstarfsnefnd aðila.
2. Verði stofnað sérstakt samstarfsteymi milli LSH og HH er varðar sérhæfða teymisvinnu skal það metið sbr. grein 4:5 í stofnanasamningi.



Handwritten signature and initials SBF.